

Fundargerð starfshóps um framtíðaruppbyggingu íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi

7. fundur haldinn þann 10. mars 2020 kl. 16:00 í Ráðhúsi Borgarbyggðar.

Mætt: Silja E. Steingrimsdóttir, Sigrún Ámundadóttir, Orri Jónsson og Jón Arnar Sigurbórsson. Unnur Jónsdóttir boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Anna Magnea Hreinsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Ragnar Frank sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs og Kristján Finnur Kristjánsson verkefnastjóri framkvæmdarsviðs.

Gestir fundarins voru Gunnar Kristjánsson og Jökull Helgason frá Verkís.

1. Niðurstöður þarfagreiningar

Gunnar Kristjánsson fór aftur yfir niðurstöður úr þarfagreiningu sem Verkís verkfræðistofa var fengin til þess að vinna fyrir Borgarbyggð vegna framtíðaruppbyggingar á íþróttamannvirkjum sveitafélagsins. Í þarfagreiningunni eru lagðar fram tillögur sem taka á þeim vandamálum sem íþróttafélögin og deildir á svæðinu standa frammi fyrir. Kynntar eru lausnir á mismunandi íþróttahúsum sem leysa mörg þau vandamál. Tillögurnar sem lagðar eru fram eru:

1) Fjölnota íþróttahús

- óupphitað stálgreindarhús með PVC dúk (70 x 50)
- einangrað og upphitað stálgrindarhús í æfingastærð
- einangrað og upphitað stálgrindarhús, hálfhús með möguleika á stækkun

2) Parkéthús fyrir körfu, handbolta og aðrar innanhúsiþróttir

- íþróttasalur 45 x 37 m
- íþróttasalur 25 x 36 m
- stoðrymi

2. Niðurstöður úttektar á núverandi íþróttamannvirki í Borgarnesi

Þá var einnig ákveðið að gera úttekt á núverandi íþróttamannvirkjum í Borgarnesi en það var ósk starfshóps sveitafélagsins að kannaður yrði sá möguleiki að byggja við núverandi íþróttamannvirki. Niðurstöður úttektarinnar sýna að:

- Aðkoma inn í íþróttamiðstöðina er ekki góð og lagt er til að anddyri sé stækkað
- Núverandi íþróttasalur uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru
- Búningsklefar þjónusta íþróttamiðstöðina þokkalega í dag
- Þreksalur er nýuppgerður en lagt er til að staðsetning sé endurskoðuð
- Ekki er yfirsýn yfir allan völlinn úr áhorfendastúku
- Vöntun er á starfsmannarými í íþróttamiðstöð
- Vöntun er á geymslurými
- Ófullnægjandi aðstaða er fyrir þvott, loftræstingu og tækniúnað
- Engin félagsaðstaða og fjölmiðlarými er til staðar

3. Staðsetning

Það er mat allra félaga og deilda að framtíðaruppbygging á íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins yrði sem næst núverandi íþróttamiðstöð. Þá er horft til þess að samnýta núverandi aðstöðu við fyrirhuguð hús. Einnig var horft til þess að staðsetja mögulegt fjölnota íþróttahús á æfingarsvæði Skallagríms. Þrjár staðsetningar eru þó taldar mögulegar:

- norðan við núverandi íþróttamiðstöð
- austan við núverandi sundlaug
- æfingarsvæðið við Skallagrímsvöll

4. Jarðtæknirannsóknaráætlun

Búið er að taka tvær prufuholur vestan við núverandi íþróttasvæði. Önnur gryfjan var tekin á uppfyllingu en hin utan fyllingar. Mat sérfræðinga sem kynntu sér aðstæður er að fylling vestan íþróttahúss sé ekki burðarhæf fyrir húsbyggingu.

Mikilvægt er að starfshópurinn kynni sér betur núverandi jarðvegsaðstæður svo hægt sé að meta kostnað við mannvirki auk ákjósanlegrar staðsetningar. Hefur Verkís verið falið að skoða staðsetningar fyrir mögulegar lóðir og verða ofangreind þrjú svæði sérstaklega skoðuð. Lagt er til að teknar verði gryfjur á tveimur af svæðunum til að kann dýpi á fastan botn. Óskar starfshópurinn eftir því að byggðarráð samþykki fjárveitingu í frekari jarðrannsóknir samkvæmt verðtilboði Verkís.

5. Næstu skref

Í lok þarfagreiningar eru settar upp tillögur að næstu skrefum sem ráðgjafar Verkís telja að sveitafélagið þurfi að taka til þess að koma verkefninu á næsta stig.

1. Ákveða þarf **staðsetningu** fyrirhugaða húsa. Svo að hægt sé að ákvarða staðsetningu húsa þarf að fara í jarðvegsrannsóknir á þeim svæðum sem starfshópurinn hefur óskað eftir að verði skoðuð betur. Í framhaldi jarðvegsrannsókna er hægt að meta betur þann kostnað sem fylgir framkvæmdinni sem þá auðveldar val á staðsetningu.
2. Þegar búið er að taka ákvörðun um staðsetningu og gerð húss/húsa þarf að vinna **kostnaðaráætlun sem áætlar gróflega kostnað** fyrir verkið í heild sinni. Það mun þurfa kostnaðaráætlun þar sem kostnaður er annarsvegar áætlaður fyrir nýbyggingu og hinsvegar endurbætur á núverandi íþróttamannvirki.
3. Velja þarf hönnuð til að koma að verkinu þegar búið er að ákveða staðsetningu og gerð húss/húsa.

Er það samdóma álit starfshópsins að fá tilboð frá Verkís í vinnu við staðarval og gerð húss/húsa, mat á endurbótum á núverandi íþróttamannvirki og gerð grófrar kostnaðaráætlunar sem lagt yrði fyrir byggðarráð sem fyrst svo að næstu skref við undirbúning verksins geti gengið vel fyrir sig.

Fleira ekki gert/AMH